

Stjórnarfundur FUM var haldinn mánudaginn 16. október kl. 16:00 í Odda.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Amalía Björnsdóttir, Ragnar Ólafsson og Kristjana Stella Blöndal, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð seinasta fundar
2. Skipulag námskeiðsdags/daga á haustmisseri og frágangur skráningar o.fl.
3. Umræðufundur á haustmisseri
4. Umræða um tímasetningu næstu ráðstefnu. Haustmisseri 2007, vormisseri 2007 eða vormisseri 2008
5. Önnur mál.

1. Fundargerð seinasta fundar

Guðný lagði fundargerð seinasta fundar fyrir fundarmenn og var hún samþykkt.

2. Skipulag námskeiðsdags/daga á haustmisseri og frágangur skráningar o.fl.

Rætt var um ýmis praktísk mál í tengslum við fyrirhugaðan námskeiðsdag sem áætlaður er 25. nóvember nk. Í upphafi þess dags er fyrirhuguð kynning um helstu ISI tímaritin á sviði uppeldis- og menntunarfræði. Hver eru þau, af hverju eru þau best, hvaða kröfur eru gerðar osfrv. Fundarmenn voru sammála um að umræða um ISI ritin væri mjög tímabær því mikil áhersla er á að fræðimenn birti í þessum tímaritum frá háskóla- og vísindasamfélaginu. Sú áhersla vekur upp spurningar um hvernig innlend tímarit munu þrífast.

Rætt hefur verið við Baldvin M. Zarióh, rannsóknarsviði HÍ um þá kynningu og ákveðið var á fundinum að kanna hvort Kristín Indriðadóttir á bókasafni KHÍ geti einnig komið að þeirri kynningu. Formaður vinnur áfram að málinu.

Eftirfarandi námskeið verða í boði:

1. Heimildaleit fyrir menntarannsóknir: Kennari Birgir Björnsson (2 tímar, kl. 10-12)
2. Word námskeið. Nýjungar og vinna með stór skjöl. Kennari Baldur Sigurðsson (2 tímar, kl. 10-12)
3. EndNote námskeið. Kennari Kristín Harðardóttir. (3 tímar) kl. 13-16
4. N-Vivo: Kennari Kristín Guðmundsdóttir (3 tímar), kl. 13-16.

Ákveðið var að hverfa frá þeirri hugmynd að bjóða upp á námskeið í fræðilegum skrifum á ensku þar sem fundarmenn voru sammála um að 3ja klst. námskeið á þessu sviði myndi líklega litlu skila. Frekar ætti þá að bjóða upp á lengra námskeið sem næði yfir lengri tíma.

Einnig var fjallað um skráningarmál, þátttökugjald og laun til kennara námskeiðanna.

Ákveðið að auglýsa námskeiðin á heimasíðu FUM og á póstlista félagsins við fyrsta tækifæri.

3. Umræðufundur á haustmisseri

Fram kom sú hugmynd að hafa umræðufund um hina ýmsu alþjóðlegu gagnagrunna sem eru opnir rannsakendum, t.d. PISA, ESS og Education at Glance. Mikilvægt er að kynna fyrir fræðimönnum hvaða gagnabankar eru aðgengilegir og hvernig hægt er að nota þá. Haft verður samband við Jón Torfa Jónasson og Júlíus Björnsson vegna þessa.

4. Umræða um tímasetningu næstu ráðstefnu. Haustmisseri 2007, vormisseri 2007 eða vormisseri 2008? Fundarmenn voru sammála um að flytja eigi FUM ráðstefnuna á vormisseri. Þar sem framundan eru stjórnarskipti í febrúar nk. var ákveðið að ákvörðun um hvort ráðstefna yrði næst haldin á vormisseri 2007 eða 2008 væri í höndum næstu stjórnar.

5. Önnur mál

Rætt var um útbreiðslu *Tímarits um menntamál*. Næsta tímarit mun koma út um áramótin. Gíróseðlar vegna félagsgjalda verða sendir til félagsmanna í nóvember þar sem fram mun koma að ritið sé innifalið í félagsgjöldum. Fara þarf yfir félagaskrá og kanna hverjir eru virkir félagar.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá.

Fundi slitið 17:30.